

ÞINGGERÐ 44. GLÍMUPINGS

Ár 2008, föstudaginn 22. febrúar kl. 20:40 var 44. glímuping sett af formanni Glímusambands Íslands, Jóni Birgi Valssyni, á Suðureyri í Súgandafirði í matsal fiskvinnslufyrirtækis Guðna Alberts Einarssonar og fjölskyldu en hann er barnabarn hins þekktu glímukappa Vestfirðinga og nafna, Guðna Alberts Guðnasonar, sem hlaut viðurnefnið “kóngabani” af fræknleik sínum.

Jón Birgir Valsson stýrði kosningu kjörbréfanefndar, sem í settust Kjartan Lárusson, formaður, Óttar Ottósson og Stefán Geirsson. Nefndin tók þegar til starfa.

Þingforseti var kosinn Jens Kristmannsson og varaðingforseti Marínó Hákonarson.

Þingritari var kosinn Hörður Gunnarsson og varaðingritari Sigmundur Stefánsson.

Þessu næst var gengið til dagskrár.

ÞETTA GERÐIST:

- (01) **ÞINGSETNING**, sjá ofar.
- (02) **KJÖRBRÉFANEFND**; sjá ofar.
- (03) **KJÖR FASTRA STARFSMANNA**: sjá ofar
- (04) **KJÖRNAR FASTAR NEFNDIR**:
 - a) Fjárhagsnefnd: Stefán Geirsson, formaður, Sigmundur Stefánsson og Hermann Níelsson.
 - b) Laganefnd: Kjartan Lárusson, formaður, Óttar Ottósson og Ásmundur Ásmundsson.
 - c) Allsherjarnefnd: Jóhanna Guðrún Magnúsdóttir, formaður, Gunnar Brynjarsson og Svana Hrönn Jóhannsdóttir.

(05) **SKÝRSLA FORMANNS.**

Jón Birgir Valsson, formaður Glímusambands Íslands, lagði fram prentaða skýrslu og las ávarp sitt, sem þar er fremst.

Jón Birgir tilkynnti, að hann gæfi ekki kost á sér áfram til endurkjörs.

- (05).1 Jón Birgir fól þessu næst Lárusi Kjartanssyni að gera grein fyrir Ársskýrslu 2007 að öðru leyti. Lárus fór yfir ársskýrsluna og gerði frekari grein fyrir sumum þáttum.

(02) 1 **SKÝRSLA KJÖRBRÉFANEFNDAR:**

Kjartan Lárusson formaður nefndarinnar sagði sex (6) kjörbréf af 9 hafa borist frá eftirfarandi íþrótta- og héraðssamböndum:

- (02).1.1. **Frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur (GRR/ÍBR)** sem hefur rétt til 6 fulltrúa og tilkynnir eftirfarandi:

Aðalfulltrúar: Hörður Gunnarsson, Valgeir Halldórsson, Jón Birgir Valsson, Óttar Ottósson, Snorri Þór Guðmundsson, Jóhannes Pétur Héðinsson

Varafultrúar: Sigurjón Leifsson, Garðar Erlendsson.

- (02).1.2. **Frá Ungmennasambandi Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga**, sem hefur rétt til 5 fulltrúa og tilkynnir:

Aðalfulltrúar: Jóhann Pálmason (fer með 3 atkv.). Svana Hrönn Jóhannsdóttir (fer með 2 atkvæði).

Varafultrúar: Engir skráðir.

- (02).1.2.1 Kjörbréfið kom of seint fram og þá tekið fyrir. Sjá síðar.

- (02).1.3. **Frá Héraðssambandi Suður-Þingeyinga**, sem hefur rétt til 3 fulltrúa og tilkynnir:

Aðalfulltrúar: Gunnar Þór Brynjarsson (fer með 2 atkv.), Lárus Björnsson.

Varafultrúar: Bjarni Þór Gunnarsson og Silvia Sigurðardóttir.

- (02).1.4. **Frá Ksf. Hörður, glímudeild (Ísafirði)** sem hefur rétt á 7 fulltrúum og tilkynnir:

Aðalfulltrúar: Rúnar Brynjólfsson, Sigurður Bjarki Guðbjörnsson, Hermann Níelsson, Ingibjörg Ólafsdóttir, Auður Aradóttir, Jens Kristmannsson og Marínó Hákonarson.

Varafultrúar: Brynjólfur Rúnarsson, Sophus Magnússon, Steinar Marínósson, Arnar Halldórsson, Daníel Þór Þorsteinsson, Magni Þór Konráðsson og Hákon J. Elvarsson.

- (02).1.5. **Frá Glímuráði HSK**, sem hefur rétt til 14 fulltrúa og tilkynnir eftirfarandi:

Aðalfulltrúar: Stefán Geirsson (fer með 3 atkv.), Ólafur Oddur Sigurðsson (fer með 3 atkv.), Sigmundur Stefánsson. (fer með 2 atkv.), Kjartan Lárusson (fer með 3 atkv.), Lárus Kjartansson (fer með 2 atkv.), Magnús Snæbjörnsson (fer með 1 atkv.).

Varafultrúar: Engir skráðir.

(02).1.6 **Frá Glímudeild ÍBA**, sem hefur rétt á að senda 2 fulltrúa og tilkynnir eftirfarandi:

Aðalfulltrúar: Jóhanna Guðrún Magnúsdóttir (fer með 2 atkv. ef þarf), Halldór Óli Kjartansson.

(02).1.7 **Frá Glímuraði ÚÍA**, á rétt til 7 fulltrúa og tilkynnir eftirfarandi:

Aðalfulltrúar: Ásmundur Ásmundsson (fer með 2 atkv.), Snær Seljan Þóroddsson, Magnús Karl Ásmundsson, Hjördís Helga Þóroddsdóttir, Sindri Freyr Jónsson, Hjalti Þórarinn Ásmundsson.

Varafulltrúar: Guðrún Heiður Skúladóttir, Laufey Frímansdóttir.

(02).1.8 Fram komin kjörbréf samþykkt samhljóða. Sjá (02).1.2.1

(06) GJALDKERI LEGGUR FRAM ENDURSKOÐAÐA REIKNINGA.

(06).1 Gjaldkeri, Sigmundur Stefánsson, hóf mál sitt á því að þakka gott boð til Suðureyrar og góðan viðurgering. Sigmundur las og skýrði helstu tölur úr Rekstrarreikningi 1.1. – 31.12.2007. Niðurstöðutölur eru kr. 9.784.859 en tekjur kr. 10.967 umfram gjöld. Efnahagsreikningur pr. 31.12.2007 sýnir kr. 978.131 sem niðurstöðutölu en eigið fé neikvætt um (kr. 227.437).

Gjaldkeri skýrði liði reikninga. Hann lýsti því yfir, að hann gæfi kost á sér til endurkjörs aðeins eitt ár enn.

(02).2 Skýrsla frá kjörbréfanefnd.

Kjartan Lárusson, formaður, sagði nefndina hafa yfirfarið kjörbréf GFD, sem hefur rétt á 6 fulltrúum og legði nefndin til að kjörbréfið yrði samþykkt..

(02).2.1 Kjörbréf GFD samþykkt. Sjá (02).1.2 að framan.

(07) ÁVARP GESTA.

(07) 1. **Ávarp varaforseta ÍSÍ.**

Ingibjörg Jóhannesdóttir, varaforseti ÍSÍ, hóf mál sitt með þökkum fyrir að fá boð um að koma á glímuping hér á Suðureyri.

Ingibjörg lýsti síðan starfi forystu íþróttahreyfingarinnar og nefndi m.a. vinnu að lækkun ferðakostnaðar íþróttafélaga, sérstaklega landsbyggðafélaga, einnig að slysatryggingasjóði íþróttamanna og frekari fjárstuðning frá opinberum aðilum vegna starfa að félagsmálum íþróttafélaga.

Varaforseti ÍSÍ ræddi um lyfjamisnotkun íþróttamanna og harmaði að af 4 jákvæðum sýnum á síðasta ári var eitt úr glímumanni.

Ingibjörg lauk máli sínu með því að óska að störf glímupings yrðu íþróttinni til heilla og þakkaði viðurgering gestgjafa.

(07).2 Jón Páll , formaður HSV, bauð þingfulltrúa velkomna og þakkaði, að GLÍ hefði ákveðið að halda glímuping á

Vestfjörðum. Hann lýsti ánægju með starf Harðar á Ísafirði og Hermanns Níelssonar, sem hefði vverið með miklum ágætum. Að lokum færði Jón Páll Glímusambandi Íslands bók að gjöf.

(08) UMRÆÐUR UM SKÝRSLU OG REIKNINGA:

- (08).1. Kjartan Lárusson þakkaði boð til þings á Suðureyri. Hann óskaði eftir að síðasta helgi í febrúar yrði ekki valin aftur fyrir glímuping, því HSK hefði haldið sitt þing á þessari helgi í áratugi. Kjartan þakkaði ársskýrslu en kom á framfæri leiðréttingu um framlag Laugdæla.
- (08).2. Marinó Hákonarson bauð þingfulltrúa velkomna. Hann óskaði skýringa um framkvæmd atkvæðagreiðslu um glímumenn ársins. Marinó þakkaði stjórn GLÍ og ársskýrslu, hann lét klappa stjórn lof í lófa!
- (08).3. Rögnvaldur Ólafsson þakkaði boð til glímupings og viðurgering allan. Hann taldi sig þurfa að gera athugasemd við ársskýrslu og óskaði eftir skýringum við mynd á bls. 12

(09) REIKNINGAR BORNIR UPP TIL SAMÞYKKTAR.

- (09).1 Reikningar samþykktir samhljóða.

(10 FJÁRHAGSÁÆTLUN NÆSTA ÁRS lögð fram af stjórn.

- (10).1. Gjaldkeri las **þingskjal nr. 1.** Er viðfest aftan við þinggerð ásamt öðrum þingskjölum og teljast þau öll hluti hennar.
- (10).2 Þingskali nr. 1 vísað til fjárhagsnefndar.

(11) LAGÐAR FRAM TILLÖGUR TIL LAGABREYTINGA.

- (11).1 Engar tillögur til lagabreytinga lágu fyrir.

(12) UMRÆÐUR OG AÐRAR TILLÖGUR OG MÁL ÞINGFULLTRÚA.

- (12).1. **Þingskjal nr. 2.** Gjald ævifélaga.
- (12).1.1 Vísað til fjárhagsnefndar
- (12).2 **Þingskjal nr. 3.**
- (12).2.1 Vísað til allsherjarnefndar.
- (12).3. **Þingskjal nr. 4.**
- (12).3.1 Ásmundur Ásmundsson mælti fyrir tillögu sinni.
- (12).3.2 Tillögunni vísað til laganefndar.
- (12).4 **Þingskjal nr. 5.**
- (12).4.1 Ásmundur Ásmundsson mælti fyrir tillögu sinni.
- (12).4.2 Vísað til laganefndar.

- (12).5 **Umræður:**

- (11).5.1 Hermann Níelsson sagði heimsmeistaramót í glímu, hryggspennu og lausatökum verða haldið 9.-11. ágúst 2008 í Hróarskeldu í Danmörku. Hann lagði fram tillögu um val á íslenskum keppendum á mótið.
- (12).5.1.1 Tillaga Hermanns merkt **þingskjal nr. 6** er svohljóðandi:
“44. ársþing GLÍ haldið á Suðureyri 22. febrúar 2008 beinir því til stjórnar GLÍ að tekið verði tillit til úrslita á Íslandsmeistaramóti í Beltwrestling, lausatökum og hryggspennu, þegar valið verður keppnislið fyrir Íslands hönd á Heimsmeistaramóti í glímu og fyrrnefndum greinum.”
Vísað til allsherjarnefndar.
- (12).5.2 Kjartan Lárusson ræddi um þingskjal nr. 4 og lýsti stuðningi við það.
- (12).5.2.1 Kjartan Lárusson lagði fram tillögu, merkt sem **þingskjal nr. 7**, um viðbót við reglugerð um réttindi glímudómara og hljóðar svo:
“44. ársþing GLÍ haldið á Suðureyri 22. febrúar 2008 samþykkir að breyta reglugerð um Dómararéttindi og dómaraþróf í glímu og komi nýir töluliðir við grein nr 6:
6.8 Eftirlitsdómari telur eins og meðdómari á mótinu. Aðeins A-dómarar geta verið eftirlitsdómarar.
6.9 Glímustjóri, með dómararéttindi, telur helming af viðureignum meðdómara í þeim flokkum sem hann stjórnar.”
Vísað til laganefndar.
- (12).5.3 Lárus Kjartansson fjallaði um **þingskjal nr. 4** og lagði fram **breytingatillögu** eftirfarandi: “...samþykkir að heimilt verði að skipa eftirlitsdómara á mótum GLÍ ...(o.s.frv.)” sem kæmi í stað núverandi orðalags, þar sem þetta á við, eins og Lárus sagði. Hann gerði athugasemdir við þingskjal nr. 7.
- (12).5.4 Ólafur Oddur Sigurðsson gerði athugasemdir við tillögu Kjartans Lárussonar á þingskjali nr. 7 og taldi tengsl A-dómara hugsanlega vera of mikil til að hægt væri að fela þeim að gera athugasemdir við félaga sína A-dómaranna.
- (12).5.5 Garðar Erlendsson tók undir inntak þingskals nr. 5 og einnig um eftirlitsdómara á þingskjali nr. 7.
- (12).5.6 Hörður Gunnarsson þakkaði boð til glímumanna og glímupings. Hann vék að ummælum Ólafs Odds og taldi hættu á að orð Ólafs yrðu missskilin. Hafi Ólafur átt við, að A-dómarar væru ekki hæfir sem eftirlitsdómarar, af því að þeir yrðu tregir til að gagnrýna hvern annan þá vísaði ræðumaður þeim orðum á bug. Hörður sagði að A-dómarar sem nú væru 6 hefðu dæmt samtals í um 240 ár og því ekki óeðlilegt að þeir þekkist. Dómari er ekki fulltrúi keppanda, félags eða héraðssambands inni á glímuvelli. Hörður sagði, að athugasemdir við dómgæslu væru ekki margar í gegnum árin. Það sem kemur í leikskýrslu eigi ekki að vera almennar athugasemdir um framkvæmd móts heldur atvik er teljast til brota á glímulögum og reglum en brot sem heyra myndu

undir aganefnd skal fortakslaust skrá í leikskýrslu. Eftirlitsdómari hefur sjálfstæðar skyldur og setur fram leiðbeiningar, sem hann ætlar að megi verða til bóta við framkvæmd glímumóts innan sem utan vallar. Hann metur hvort almennar athugasemdir, sem berast honum eigi erindi í umsögn um mótið.

Hörður tók undir orð Kjartans Lárussonar um, að eftirlitsdómari yrði að vera A-dómari enda aðrir ekki með þá þekkingu og reynslu sem þeir hafa til slíkra starfa. Eftirlitsdómari er einskis fulltrúi fremur en glímudómari á glímuvelli en ber að fylgjast með að framfylgt sé Glímulögum og reglum og viðureign framin í samræmi við eðli glímu; sé út af brugðið skráir hann það í umsögn sína. Þá ber eftirlitsdómara að gera athugasemdir þyki honum íþróttin óvirt eða ekki sýnd full virðing.

Hörður sagði að með því að setja ákvæði um eftirlitsdómara í reglugerð væri verið að festa hlutina í sessi með betri hætti.

(Varaþingritari skráði.)

- (12).5.7 Stefán Geirsson ræddi um þingskjal nr. 4 og síðan um þingskjal nr. 7. Hann taldi þurfa að ákveða hvaða mót og fjölda viðureigna ætti að velja fyrir eftirlitsdómara.
- (12).5.8 Ólafur Oddur Sigurðsson taldi sjálfsagt að menn hugleiddu með hvaða hætti eftirlitsdómarastarfið yrði framkvæmt.
- (12).5.9 Rögnvaldur Ólafsson sagði að eftirlitsdómarar yrðu ávallt að vera dómara í íþróttinni og þar væru A-dómarar fremstir. Hann lagði til að gert yrði þinghlé.
- (12).5.10 Kjartan Lárusson benti á, að eðlilegt væri að virkja þá A-dómara, sem færu að draga sig í hlé og því ætti eftirlitsdómarastarfið að telja til að halda við réttindum. Einnig, að glímudómarar sem gengdu störfum glímustjóra gætu fengið störf sín talin með viðlíka hætti að hluta og á þann hátt fengjust hugsanlega dómara og aðrir þjálfaðir menn til þess starfs.
- (12).5.11 Ásmundur Ásmundsson þakkaði undirtektir við þingskjal nr. 4.
- (12).5.12 Þingforseti mælti fram eftirfarandi stöku:
 - Hitnar í kolum meir og meir,
 - hart er brýna slegin.
 - Bæði ræða og rífast þeir,
 - rök eru báðu megin.

ÞINGHLÉ var tekið kl. 23:05 og þingfundur boðaður að nýju kl. 23:25.

ÞINGHLÉ

Þingfundi var framhaldið kl. 23:40 og gengið til dagskrár.

(13) NEFNDAÁLIT, TILLÖGUR OG ATKVÆÐAGREIÐSLA UM ÞÆR.

(13).1. Álit fjárhagsnefndar.

(13).1. Stefán Geirsson framsögumaður laganefndar gerði grein fyrir eftirfarandi álit nefndarinnar:

(13).1.1. Fjárhagáætlun, **þingskjal nr. 1**

(13).1.1.1 Leggur til nýjan tekjulið: “Fjáröflun v. Heimsmeistaramóts kr. 1.000.000” og hækkun á gjaldahlið um sömu upphæð og því verður: “Erlend samskipti kr. 1.300.000”.

(13).1.1.2 Nefndin leggur fram eftirfarandi tillögu, sem merkt er **þingskjal nr. 8:**

“44. ársþing GLÍ haldið á Suðureyri 22. febrúar 2008 samþykkir að fela stjórn GLÍ að skipa sérstaka fjáröflunarnefnd til að bæta fjárhag glímusambandsins.”

(13).1.2 Gjald ævifélaga, **þingskjal nr. 2**

(13).1.2.1 Leggur til að gjaldið verði samþykkt óbreytt, kr. 10.000.

(13).1.3 **Umræður:**

(13).1.3.1 Garðar Erlendsson lagði á það ríka áherslu, að ekki yrði eytt meira en aflað verður.

(13).1.4 **Afgreiðsla mála fjárhagsnefndar:**

(13).1.1.3 **Þingskjal nr. 1**, breytingatillaga nefndarinnar **samþykkt.**

(13).1.1.4 **Þingskjal nr. 1 svo breytt samþykkt** samhljóða.

(13).1.2.2 **Þingskjal nr. 2 samþykkt** samhljóða.

(13).1.1.2.1 **Þingskjal nr. 8**, tillaga um fjáröflunarnefnd, **samþykkt** samhljóða.

(13).2. Álit allsherjarnefndar.

(13).2. Jóhanna Guðrún Magnúsdóttir var framsögumaður allsherjarnefndar og flutti álit nefndarinnar:

(13).2.1. **Þingskjal nr. 3.** Allsherjarnefnd leggur til að þingskjalið orðist svo: “44. ársþing GLÍ haldið á Suðureyri 22. febrúar 2008 hvetur GLÍ til áframhaldandi mótshalds í Belt-Wrestling, hryggspennu og lausatökum.”

(13).2.2. **Þingskjal nr. 6.** Allsherjarnefnd leggur til að þingskjalið orðist svo:

“44. ársþing GLÍ haldið á Suðureyri 22. febrúar 2008 telur að skipaður landsliðsþjálfari verði að fá frjálsar hendur um val á landsliðskeppendum sínum samkvæmt reglum frá stjórn glímusambandsins.”

(13).2.2.1 Kjartan Lárusson spurði um útfærslu á tillögu nefndarinnar.

(13).2.3. **Afgreiðsla mála allsherjarnefndar:**

(13).2.3.1 **Þingskjal nr. 3 samþykkt** eins og nefndin leggur til.

(13).2.3.2 **Þingskjal nr. 6 samþykkt** eins og nefndin leggur til.

(13).3 Álit laganefndar.

- (13).3 Kjartan Lárusson framsögumaður laganefndar gerði grein fyrir álitni nefndarinnar:
- (13).3.1 **Þingskjal nr. 4:** nefndin leggur til orðalagsbreytingu á þingskjalinu og verði samþykkt þannig:
“44. ársþing GLÍ haldið á Suðureyri 22. febrúar 2008 samþykkir að eftirlitsdómari verði á öllum landsmótum Glímusambands Íslands. Eftirlitsdómari fylgist með framgangi móta, tekur við kvörtunum og gerir athugasemdir við framkivæmd móta eftir því sem þörf krefur.”
- (13).3.2 **Þingskjal nr. 5:** nefndin leggur til orðalagsbreytingu og að þingskjalið verði samþykkt svohljóðandi:
“44. ársþing GLÍ haldið á Suðureyri 22. febrúar 2008 samþykkir að 2 héraðssambönd fái að senda sameiginleg lið í sveitaglímumót á vegum Glímusambands Íslands. Fyrirkomulagið gildi eitt keppnistímabil í senn.”
- (13).3.3 **Þingskjal nr. 7:** nefndin leggur til að þingskjalið verði samþykkt óbreytt.
- (13).3.4 **Umræður:**
- (13).3.4.1 Jóhannes Héðinsson mælti gegn eftirlitsdómarakerfi, m.a. vegna kostnaðar, auk nauðsynjaleysis.
- (13).3.4.2 Lárus Kjartansson taldi ekki nauðsyn á eftirlitsdómarakerfi sem skyldu heldur sem heimild.
- (13).3.4.3 Hermann Níelsson taldi núverandi orðalag á þingskjali nr. 5 til bóta. Hann ræddi málið frekar.
- (13).3.4.4 Sigmundur Stefánsson óskaði skýringa á þingskjali nr. 5, sem hann fékk.
- (13).3.4.5 Rögnvaldur Ólafsson, fyrrum formaður Glímusambands Íslands, benti á, að málin yrðu nokkuð flókin, ef fleiri en eitt félag settu saman eina sveit. Hann lýsti óánægju með búningamál og sérstaklega þegar keppendur sama félags væru í ósamstæðum búningum.
Rögnvaldur óskaði væntanlegri stjórn velfarnaðar.
- (13).3.4.6 Ásmundur Ásmundsson, einn flutningsmanna tillögu á þingskjali nr. 5, var ósáttur við orðalagsbreytingu nefndarinnar, sem honum virtist stuðla að fráhrarfi yngri þátttakenda.
- (13).3.4.7 Jón Birgir Valsson tók undir með Lárusi Kjartanssyni um að heimild væri til að eftirlitsdómarar störfuðu.
Jón Birgir ræddi um þingskjal nr. 5 og breytingatillögu nefndarinnar, sem hann taldi til bóta.
- (13).3.4.8 Magnús Ásmundsson ræddi um þingskjal nr. 5 og um erfiðleika að manna sveitir.
- (13).3.4.9 Hermann Níelsson fjallaði um þingskjal nr. 5 og mál Magnúsar Ásmundssonar.

- (13).3.4.10 Lárus Kjartansson svaraði Rögnvaldi Ólafssyni um glímuvöll á heimsmeistaramóti og skýringar við sveitaglímu.
- (13).3.4.11 Kjartan Lárusson, framsögumaður laganeftndar, taldi ekkert mæla í móti því að festa eftirlitsdómarakerfið í sessi.
- (13).3.4.12 Hjördís Þóroddsdóttir benti á, að konur tækju einnig þátt í sveitaglímum en þeirra hefði í engu verið getið í þessum umræðum.
- (13).3.5 **Afgreiðsla mál laganeftndar:**
- (13).3.5.1.1 **Þingskjal nr.4:**Breytingatillaga Lárusar Kjartanssonar samþ.
- (13).3.5.1.2 **Þingskjal nr.4 :** Tillaga laganeftndar þannig breytt samþ.
- (13).3.5.2 **Þingskjal nr. 5:** Tillaga laganeftndar samþ.
- (13).3.5.3 **Þingskjal nr. 7:** samþykkt samhljóða.

(14) Gjald ævifélaga.

- (14).1 Samþykkt **þingskjal nr. 2** um að gjald ævifélaga verði kr. 10 þ. Sjá lið (13).1.2.2 að framan.

(15) KOSNINGAR.

- (15).1. **Formaður:** Jón Birgir Valsson flutti tillögu um **Ólaf Odd Sigurðsson** sem næsta formann Samþ. samhljóða.
- (15).2. **Meðstjórnendur:** Jón Birgir Valsson flutti tillögu fráfarandi stjórnar um Sigmund Stefánsson, Valgeir Halldórsson, Jóhannes Pétur Héðinsson. Og Snorra Guðmundsson. Samþykkt samhljóða.
- (15).3. **Varastjórn:** Jón Birgir Valsson flutti tillögu fráfarandi stjórnar um Sabínu Steinunni Halldórsdóttur, Svönu Hrönn Jóhannsdóttur og Snæ Seljan Þóroddsson. Samþykkt samhljóða.
- (15).4. **Endurskoðendur** voru endurkjörnir Hörður Gunnarsson og Kjartan Lárusson samhljóða.
- (15).4.1. **Varaendurskoðendur** endurkjörnir Sigurjón Leifsson og Árni Þór Bjarnason samhljóða.
- (15).5. **Fulltrúi á íþróttaping:**
- (15).5. Lagt til að málinu yrði vísað til stjórnar.
- (15).5.2 Samþykkt samhljóða.

(16) AGANEFND: (Kosnir þrír aðalmenn og þrír til vara)

- (16).1. Aðalmenn: Páll Aðalsteinsson, Þorvaldur Þorsteinsson og Elías Árnason samhljóða kosnir.
- (16).2. Varamenn: Árni Þór Bjarnason, Kjartan Lárusson og Helgi Bjarnason kjörnir samhljóða.

(17) ÖNNUR MÁL.

(17).1. Ólafur Oddur Sigurðsson, nýkjörinn formaður, þakkaði kjör sitt. Hann ræddi um glímu og hugmyndir sínar um næstu verkefni glímusambandsins.

(17).2 Jón Birgir Valsson, fráfarandi formaður, þakkaði samstarf í stjórn um GLÍ undanfarin ár.

(17).3 Fundargerð.

(17).3.1 Hörður Gunnarsson sagðist tilbúinn með þinggerð að venju en myndi nú endurflytja tillögu sína frá síðasta þingi um, að þingriturum og þingforseta verði falið að ganga frá þinggerð með fullum rétti.

(17).3.2 Tekið var undir tillögu þingritara með lófaklappi og úrskurðaði þingforseti að tillagan hefði verið samþykkt.

(18). ÞINGSLIT.

(18).1 Formaður, Ólafur Oddur Sigurðsson, þakkaði þingfulltrúum störf þeirra og fundarsetu.

Ólafur Oddur Sigurðsson, formaður Glímusambands Íslands, sleit síðan 44. glímupingi.

Fleira ekki tekið fyrir.

Þingi slitið kl. 00:50

23. febrúar 2008

Hörður Gunnarsson
þingritari

Jens Kristmannsson
þingforseti

Sigmundur Stefánsson
varaþingritari

Marínó Hákonarson.
varaþingforseti

(HG/GLÍ/Þingg/7711/2008)